

G J A L D S K R Á

Hitaveitu Akureyrar.

1. gr.

Hitaveitan selur afnot af heitu vatni (varmaorku) úr veitukerfum sínum eftir þeim reglum sem settar eru í gjaldskrá þessari og reglugerð Hitaveitu Akureyrar.

2. gr.

Hitaveitan lætur hverju húsi, sem tengt er veitukerfi hennar, í té vatnsmagn til neysluvatnsnota og upphitunar, enda séu hitagjafar (ofnar) hússins nægilega stórir að dómi hitaveitunnar.

Einnig selur hitaveitan afnot af heitu vatni til annars en húshitunar og neysluvatnsnota eftir því sem vatnsmagn leyfir og hún telur henta.

3. gr.

Vatnsrennsli að hitunarkerfi og neysluvatnslögn húss skal takmarkað um stillanlega hemla og miðast gjald hitaveitunnar fyrir selda orku við það mark, sem hemill fyrir hitunarkerfi húss er stilltur á, en þegar seld eru önnur afnot vatns, skal nota vatnsmæli og miðast gjaldið þá við hvern rúmmetra vatns.

Hitaveitunni er heimilt að selja neysluvatn samkvæmt vatnsmæli til þeirra húsa, sem ekki eru hituð með hitaveitu.

Hitaveitan stillir hemil, sbr. 1. mgr., að ósk notanda og breytir stillingu, ef notandi fer fram á það við hitaveituna.

Hæsta stilling hemils gildir eitt ár í senn miðað við 1. september — 31. ágúst, þótt orkunotkun verði minni hluta úr ári.

4. gr.

Fyrir afnot af heitu vatni (varmaorku) úr veitukerfi hitaveitunnar skal greiða orkugjald:

- A. Samkvæmt magnhemli kr. 3 300.00 fyrir hvern mínútulitra á mánuði.
- B. Samkvæmt vatnsmæli kr. 165.00 fyrir hvern rúmmetra vatns.

Þegar um afnot af heitu vatni er að ræða til annars en húshitunar og/eða neysluvatnsnota, getur hitaveitan vikið frá framangreindu verði og ákveðið gjaldið sérstaklega í hverju tilviki með hliðsjón af gjaldskrá þessari.

5. gr.

Þar sem vatn er selt um hemil til upphitunar afgreiðir hitaveitan kranavatn til heimilisnota án sérstaks orkugjalds að því marki, sem hún telur nægilegt í venjulegum tilvikum og er þá miðað við að ekkert rennsli sé í gegnum hitagjafa (ofna), þegar kranavatn er notað að fullu.

Óski notandi eftir meira kranavatni til heimilisnota en að framan greinir, getur hitaveitan afgreitt það gegn gjaldi, sem nemur 1/30 af orkugjaldi til upphitunar, reiknað af því umframmagni, sem hann fær.

Orkugjald fyrir kranavatn um hemil til heimilisnota í húsum, sem ekki eru hituð með hitaveitu, skal vera 12% af áætluðum hitunarkostnaði með hitaveitu, samkvæmt mati hitaveitunnar. Gjald þetta skal lækka hlutfallslega ef hluti hússins er hitaður með vatni frá hitaveitunni.

Þar til hemill eða vatnsmælir hefur verið settur upp og hemill stilltur og ef hemill eða vatnsmælir bílar, áætlað hitaveitan vatnsnotkunina með hliðsjón af hitaþörf hússins og/eða fyrir notkun.

Hitaveitan stillir hemil, þegar fullur hiti er kominn á vatnið.

6. gr.

Hitaveitugjöld samkvæmt 4. og 5. gr. má krefja mánaðarlega eftir á. Eigi skulu þau krafín sjaldnar en ársfjórðungslega. Séu gjöldin krafín sjaldnar en mánaðarlega er heimilt að krefja hluta þeirra fyrirfram.

Hafi breyting á stillingu hemils í för með sér viðbótargreiðslu fyrir þann hluta ársins, sem liðinn er sbr. 3. gr., er hitaveitunni heimilt að jafna þeirri greiðslu á þá mánuði ársins, sem eftir eru.

7. gr.

Heimæðagjöld skal reikna af öllu húsrými á viðkomandi lóð, hvort sem það verður allt tengt veitukerfi hitaveitunnar eða ekki. Þó skal ekki reikna heimæðagjald af búpeningshúsum á jörðum og lögbýlum nema þeim útihúsum (fjósom) sem tengd verða veitukerfinu, en af þeim skal greiða hálf gjald. Heimæðagjöld eru miðuð við þátttöku húseiganda í stofnkostnaði veitukerfis hitaveitunnar.

Heimæðagjald hitaveitunnar skal vera sem hér segir:

- a) Af húsnæði sem tengist hitaveitu eftir að það hefur verið tekið í notkun skal reikna heimæðagjald samkvæmt eftirfarandi jöfnu:

$$H = 165\,000 + 180 \times V$$

Hér táknar H heimæðagjald í krónum fyrir hverja heimæð og/eða hemlagrind og V rúmmál (utanmál) viðkomandi húsnæðis í rúmmetrum.

- b) Af nýju húsnæði og breytingum og endurbyggingu húsnæðis sem felur í sér stækkun eða breytta notkun, og tengist hitaveitu áður en það er tekið í notkun, skal reikna heimæðagjald samkvæmt eftirfarandi jöfnu:

$$H = 247\,500 + 270 \times V$$

Hér táknar H heimæðagjald í krónum fyrir hverja heimæð og/eða hemlagrind og V rúmmál (utanmál) viðkomandi húsnæðis í rúmmetrum.

- c) Af húseignum þar sem byggð er dreifð eða fjarlægð mikil frá vatnsæðum hitaveitunnar, þannig að ekki næst tilskilin arðsemi af fjárfestingu hitaveitunnar í stofnkostnaði lagna vegna viðkomandi húseignar, þegar heimæðargjald er reiknað samkvæmt a- eða b-lið (eftir því sem við á), skal reikna heimæðagjald samkvæmt eftirfarandi jöfnu nema annað sé ákveðið:

$$H \geq S \div \frac{K}{0,02} \times S$$

0,08

Hér táknar H heimæðagjald í krónum fyrir hverja heimæð og/eða hemlagrind, S stofnkostnað lagna að viðkomandi húseign, en ef þær nýtast fyrir fleiri húseignir skal áætla hlutdeild viðkomandi húseignar í þeim, K áætlaðan sparnað í kyndingarkostnaði viðkomandi húsnæðis og $0,02 \times S$ áætlaðan rekstrar- og viðhaldskostnað viðkomandi lagna. Þetta heimæðagjald er við það miðað, að arðsemi allrar viðbótarfjárfestingar hitaveitunnar sé minnst 8%, og er þá ekki reiknað með kostnaði við vatnsöflun né afskriftum af stofnkostnaði viðkomandi lagna. Heimæðagjaldið skal þó aldrei vera lægra en samkvæmt a- eða b-lið eftir því sem við á.

Nú er um að ræða fleiri húseignir á tilteknu svæði, og er þá heimilt að jafna samanlögðum heimæðargjöldum, reiknuðum samkvæmt ofanefndri jöfnu, á við-

komandi húseignir innan svæðisins og skal þá heimæðagjald reiknað samkvæmt eftirfarandi jöfnu:

$$H = \frac{H_n}{165\,000 \times n + 180 \times V_n} \times (165\,000 + 180 \times V)$$

Hér táknar H heimæðagjald í krónum fyrir hverja heimæð og/eða hemlagrind, H_n samanlögð heimæðgjöld allra húseigna á hinu tiltekna svæði reiknuðum samkvæmt fyrri jöfnu um tilskilda arðsemi, n fjölda heimæða eða hemlagrinda, V_n samanlagt rúmmál (utanmál) allra húseigna í rúmmetrum á hinu tiltekna svæði og V rúmmál (utanmál) einstakra húseigna í rúmmetrum reiknað fyrir hverja heimæð eða hemlagrind.

8. gr.

Af húsnæði, sem tengist hitaveitu eftir að það hefur verið tekið í notkun, gjaldfalla 50% heimæðagjalds þegar hafin er lagning dreifiaða og götuæða veitukerfis, sem bundin er ákveðnum framkvæmdaáföngum í viðkomandi hverfum, en eftirstöðvar gjaldsins gjaldfalla þegar tengingu heimæðar er lokið. Að því er varðar íbúðarhús með þilofna- eða rafgeislahitun er heimilt að fella niður eftirstöðvar gjaldsins, ef hitunarkerfi hússins er breytt og það tengt hitaveitu innan 5 ára frá lagningu heimæðar og tengingu kranavatns við veitukerfið. Að þeim tíma liðnum gjaldfalla eftirstöðvar gjaldsins og reiknast þá sem 50% af gildandi heimæðargjaldi fyrir tilsvarendi húsnæði. Heimilt er þó hitaveitunni að veita lengri frest til að greiða eftirstöðvar gjaldsins og tengja hitunarkerfi hússins eða fella niður skyldu um tengingu. Af nýju húsnæði og breytingum eða endurbyggingu á húsnæði, sem húseigendur geta miðað við að tengja hitaveitunni áður en það er tekið í notkun, gjaldfellur heimæðagjald við lóðaveitingu eða veitingu byggingarleyfis.

Af húseignum, sem um gilda sérstök ákvæði um heimæðgjöld, vegna dreifðrar byggðar eða fjarlægðar frá lögnum veitukerfis hitaveitunnar eða sérsamningar við aðrar sveitarstjórnir, gjaldfellur heimæðagjald þegar tengingu heimæðar er lokið nema annað sé tekið fram í samningum við húseigendur eða í sérsamningum við sveitarstjórnir.

9. gr.

Þegar lokað hefur verið fyrir aðrennsli heita vatnsins til notanda vegna vanskila, skal gjald fyrir að opna á ný sem svarar orkugjaldi fyrir einn mínútulitra á mánuði.

Heimilt er hitaveitunni að krefjast greiðslu þessarar áður en opnað er.

10. gr.

Gjalddagi hitaveitugjalda er við framvísun reiknings eða tilkynningar um reikningsupphæð og skulu gjöldin greidd þar sem hitaveitan ákveður.

Það eru vanskil ef gjöldin eru ekki að fullu greidd innan 14 daga frá gjalddaga.

11. gr.

Hitaveitugjöld samkvæmt gjaldskránni eru miðuð við vísitölu byggingarkostnaðar 1. júlí 1977, 138 stig.

Hitaveitunni er heimilt að breyta gjöldum samkvæmt gjaldskrá þessari, þó ekki meira en nemur breytingu sem á nefndri vísitölu verður, enda sé breytingin staðfest af iðnaðarráðuneytinu hverju sinni.

Gjaldskrá þessi, sem samin er og samþykkt af bæjarstjórn Akureyrar og sett er samkvæmt Orkulögum nr. 58 29. apríl 1967, staðfestist hér með til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum, sem hlut eiga að máli.

Iðnaðarráðuneytið, 3. nóvember 1977.

F. h. r.

Páll Flygenring.

Kristmundur Halldórsson.

REGLUGERÐ

Hitaveitu Akureyrar.

1. gr.

Gildissvið.

Reglugerð þessi gildir um allt veitusvæði Hitaveitu Akureyrar.

2. gr.

Stjórn hitaveitunnar.

Hitaveita Akureyrar, hér eftir nefnd hitaveitan, er eign Akureyrarbæjar og rekin sem fjárhagslega sjálfstætt fyrirtæki undir yfirstjórn bæjarstjórnar Akureyrar.

Bæjarstjórn skipar framkvæmdastjóra, sem annast daglegan rekstur hitaveitunnar svo og aðra starfsmenn eftir því, sem þörf krefur og kýs stjórn fyrir hitaveituna.

3. gr.

Bókhald og fjárreiður.

Skrifstofa Akureyrarbæjar annast bókhald og fjárreiður hitaveitunnar og innheimtir hitaveitugjöld. Bókhaldi hitaveitunnar skal halda aðskildu frá bókhaldi bæjarins.

Reikningsár hitaveitunnar er almanaksárið og skulu reikningar hennar fylgja reikningum Bæjarsjóðs Akureyrar ár hvert og vera endurskoðaðir af endurskoðendum þeirra.

4. gr.

Verkefni hitaveitunnar.

Verkefni hitaveitunnar er að virkja jarðhita og sjá um gerð og rekstur hitaveitu fyrir Akureyri svo og nágrenni bæjarins eftir því sem hagkvæmt er og samkomulag verður um.

Í þessu skyni skal hitaveitan leita eftir samningum um borunar- og virkjunarétt og láta bora eftir heitu vatni og virkja þegar hagkvæmt þykir, leggja veitukerfi hitaveitu og annast sölu á heitu vatni til notenda.

Einnig skal hitaveitan reisa og reka önnur mannvirki sem nauðsynleg og hagkvæm eru á hverjum tíma þ. á m. kyndistöðvar.

Nú verður samkomulag um að íbúar nágrennasveitarfélags verði notendur hitaveitunnar á sama hátt og íbúar Akureyrar og getur þá stjórn hitaveitunnar, verði þess óskað, gert sérsamning við sveitarstjórnina um að leggja veitukerfi frá hita-